

ÁSKORANIR TIL SKÁTAPINGS 2026

FRÁ UNGMENNAPINGI 2026



ÁSKORUN 1: Búa til lista yfir hvaða færnimerki skátar hafa lokið við

Áskorun til: Starfsráðs BÍS

Rök: Þar sem oft týnast og gleymast upplýsingar um hvaða merki skátar hafa lokið. Þá velja foringjar oft sömu merki aftur og aftur. Einnig er hægt að nota þetta sem vitnisburð um að hafa lokið merki svo örugglega sé hægt að rukka foringja fyrir merkið.

Tillaga að útfærslu: Lítil bók eða einhverskonar rafrænt eyðublað á skatarnir.is. Hafa stimplun fyrir einstaklinga, flokka og sveitir. Félög ættu einnig að hafa aðgang til að skoða merkin sem eru búin.

ÁSKORUN 2: Ungur skátakór

Áskorun til: BÍS

Rök: Það er til skátakór en einungis fyrir eldri skáta. Söngmenning innan skátahreyfingarinnar er mikil og gaman væri að hafa formlegan ungan skátakór til að áhugasamir skátar geti æft sig að syngja saman, ný og gömul lög. Nú væri mögulega sagt „gerið þið það bara sjálf” en þá er vandamálið að við vitum ekki hvað skal gera og kunnum ekki tónfræði né hljómfraði til þess að læra. Sumum langar mögulega að læra þessa hluti en hafa ekki tíma né getu til þess að fara í kennslu. Svo þetta væri staður sem þessir áhugasamir einstaklingar geta fengið kennsluna sem þau óska eftir og einungis hana ekki eitthvað auka bla. nokkrum sinnum í mánuði.

Tillaga að útfærslu: Fundir 2 í mánuði þar sem drótt- og rekkaskátar syngja saman skátalög, með kórleiðbenenda, kennara.

ÁSKORUN 3: Betri skátaskyrtur og buxur

Áskorun til: BÍS

Rök: Við viljum þykkari skyrtur sem væri einnig stíl meiri. Það myndi hvetja okkur til að nota þær oftar svo hún myndi ekki sitja svona mikið inni í skáp. Einnig viljum við formlegar BÍS skátabuxur sem myndu loksins klára hátíðarbúninginn.

Tillaga að útfærslu: BÍS hlustar á hvað skátarnir hafa að segja og fá aðstoð við að gera skyrtu. Fá sérstakan fatahönnuð og passa upp á kvennasniðið.

ÁSKORUN 4: Félög vinna meira saman í því að deila sérþekkingu sinni

Áskorun til: Félagsforingja

Rök: Gæðin á skátastarfi eiga að vera jafn góð í öllum skátafélögum. En sem betur fer er það bara þannig að við erum ekki öll eins. Foringjar í sumum félögum hafa mis góða þekkingu á sömu sviðunum. Sem dæmi þá eru Ægisbúar virk í því að gera skyldi fyrir viðburði en ungir skátar í Landnemunum vilja einnig fara með skjöld, þau tala við foringjann sinn um þetta mál en hann kann ekki að búa til skjöld. Hins vegar hafa Landnemar Sigga Úlla og hann elskar að syngja og spila á gítar. Svo flestir Landnemar verða góðir í því, af því að Sigggi er svo virkur að kenna þeim það. Ægisbúarnir vilja líka vera góð í því en foringjarnir þeirra kenna þeim bara að gera skyldi.

Tillaga að útfærslu: Fundir sem þekkingu er deilt og plan er gert til þess að finna út hvað sum félög þurfa að leggja meiri áherslu á en önnur minna.



ÁSKORUN 5: BÍS og skátastarf sem heild skal einbeita sér meira á að lækka verð viðburða

Áskorun til: BÍS

Rök: BÍS segir sjálft að skátastarf skuli vera aðgengilegt. Dýrir viðburðir eru ekki aðgengi. Viðburðir BÍS skulu vera eins ódýrir og hægt er innan skynsemismarka. Þar að segja þá er það tæknilega séð ódýrara að labba til Akureyrar en það má splæsa í rútu til þess að auka smá lífsgæði.

Tillaga að útfærslu: Eyða minni pening í hluti sem eru ekki nauðsynlegir og ekki bæta við dagskráliði sem kosta óþarfa mikið ef hægt er að gera þá á öðrum stað, viðburði eða dagsferð ódýrari.

ÁSKORUN 6: Senda einfaldaða fjárhagsáætlun fyrir viðburð

Áskorun til: BÍS / Skátafélög

Rök: Áður en ég skrái mig á viðburð skal vera hægt að sjá í hvað peningarnir mínir eru að fara. Dæmi: Mig langar að kaupa Lego sett, ég sé sett með rosa fallegri mynd á kassanum. Settið kostar hins vegar rosalega mikið. Þá get ég séð innihaldið í kassanum (aka hversu margir kubbar fylgja með) og sé ég að fyrir þetta verð fæ ég bara nokkra kubba. Þó svo að myndin sé fín þá eru peningarnir mínir ekki virði fjölda kubbana sem eru í kassanum.

Við vitum að hægt er að senda á BÍS og biðja um að sjá fjárhagsáætlunina og þá fara þau með manni yfir hana og við vitum að þetta er gert því margir skilja ekki endilega hvað stendur. En ungmennum finnst að það ætti að vera hægt að sjá hana án þess að biðja um leyfi. En við erum bara að biðja um lítið skífurit þar sem bútað er niður hversu mikið fer í mat, dagskrá, staðsetning og ferðakostnað. Það er engin ástæða fyrir að halda því leyndu.

Tillaga að útfærslu: Lítið skífurit þar sem er bútað niður í hvað peningarnir okkar eru að fara. Birta má þetta í upplýsingarbréfi, Abler færslu eða í lýsingu á Abler viðburði. Mikilvægt er bara að birta áður en skráð er á viðburðinn. Sem dæmi væri hægt að fara milli félaga og kynna ýmsa hluti eins og starfsemi, stefnu og gildi BÍS, ýmsum dagskrármöguleikum víðsvegar. Einnig gæti ráðið hjálpað sveitum og flokkum að finna samstarfsaðila utan síns eigins félags.



ÁSKORUN 7: Ungmennaráð ætti að halda formlegan dagskrárlið á næsta Ungmennáþingi sem snýst um fræðslu um lög BÍS

Áskorun til: Ungmennaráðs

Rök: Lög BÍS eru flókin og leiðinleg og það gerir þau að mörgu leyti óaðgengileg ungmendum og þetta myndi gera þau aðgengilegri og hvetja til sköpunar á Lagabreytingartillögum fyrir Ungmennáþingið sjálft.

Tillaga að útfærslu: Þetta þarf ekki að vera ítarleg kynning. Halda sérstakan dagskrálið sem er einungis fræðsla á lögnum sjálfum eða bæta þessari fræðslu við dagskrárliðin “kennsla á þingstörfum”.

ÁSKORUN 8: Leggja meiri áherslu á aðra vettvanga en viðburðahald til að stuðla að markmiðum sínum

Áskorun til: Ungmennaráðs

Rök: Samkvæmt 26. grein laga BÍS er hlutverk Ungmennaráðs:

“að hvetja til og auka ungmennalýðræði innan stjórnkerfis hreyfingarinnar og stuðla að virkri þátttöku ungmenna við stefnumótun dagskrár hreyfingarinnar og eigin skátastarfs.”

Viðburðahald er ekki eina leiðin til þess að fylgja þessum markmiðum eftir. Þar sem aldur ungmennaráðsmeðlima er að jafnaði undir 18 þá getur viðburðarhald verið óþarflega krefjandi nálgun til að ná þessum markmiðum. Skortur á bílprófi veldur einnig vandamálum tengdum ferðum og flutning á búnaði fyrir viðburði.

Tillaga að útfærslu: Það er ekki af ástæðulausu að þessi áskorun er óskýr. Það eru ótal margar leiðir til þess að fylgja markmiðum ráðsins aðrar en viðburðahald.